

Reglur um nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar

1. Skólameistari ber ábyrgð á nemendagörðum skólans og setur reglur nemendagarða.
2. Markmið þessara reglna er að tryggja nemendum hvíldar- og vinnufrið.
3. Næði skal vera á nemendagörðum frá 23:30 – 06:30, bæði í herbergjum og í sameiginlegum vistarverum.
4. Gestir þurfa að vera komnir út úr húsnæðinu kl. 23:00 nema á föstudags- og laugardagskvöldum en þá er gestum heimilt að dvelja til kl. 01:00.
5. Íbúar og gestir skulu ávallt ganga hljóðlega um húsnæðið. Íbúar bera ábyrgð á sínum gestum. Allar þessar reglur gilda einnig fyrir gesti íbúa.
6. Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna í húsnæði og á lóð nemendagarða er stranglega bönnuð. Brot á þessu ákvæði varðar riftun leigusamnings og skal íbúi hafa tvo daga til að flytja út eftir riftun samningsins.
7. Nemendur skulu halda herbergjum og sameiginlegum vistarverum hreinum og snyrtilegum og ganga vel um allt húsnæðið og lóð. Nánari reglur um þrif og umgengni fylgja leigusamningi.
8. Íbúðir nemendagarða skulu vera læstar allan sólarhringinn, en hver íbúi fær sinn lykil að viðkomandi íbúð. Greiða skal tryggingagjald við móttöku lykils sem endurgreitt verður þegar lykli er skilað, svo fremi sem íbúðin sé í viðunandi ástandi. Skólameistari ákveður upphæð tryggingargjalds við upphaf hvers skólaárs.
9. Íbúar, eða forráðamenn þeirra hafi þeir ekki náð 18 ára aldri, eru fjárhagslega ábyrgir fyrir skemmdum sem þeir eða gestir þeirra valda á húsnæði eða munum á nemendagörðum. Heimilt er að krefja íbúana í heild um greiðslu fyrir skemmdir á sameiginlegu rými, enda verði ekki upplýst hver hafi valdið þeim.
10. Herbergi og sameiginlegar vistarverur eru teknar út í upphafi leigutíma og við lok hans. Ástand húsnæðis og búnaðar er þá skráð og staðfest af leigutaka og leigusala. Leigutaki skal skila húsnæðinu í sama ástandi og hann tók við því, á það við um ástand húsnæðis, búnaðar og þrif.
11. Íbúar á nemendagörðum skulu láta umsjónarmann húsnæðis vita ef þeir þurfa að dvelja utan nemendagarða á tímum kl. 24:00 til 6:30 virka daga og kl. 2:00 til 6.30 föstudags- og laugardagskvöld.
12. Íbúar á nemendagörðum skulu af öryggisástæðum skrá sig á sérstakt eyðublað ef þeir fara í burtu um helgi eða yfir nótt og gefa þá upp bæði hvert þeir eru að fara og hvenær þeir komi til baka.
13. Umsjónarmaður húsnæðis hefur eftirlit með að reglum þessum sé framfylgt.
14. Brjótí nemendur af sér skal umsjónarmaður tilkynna brotið til skólameistara. Viðurlög við brotum á reglum þessum eru áminning skólameistara. Endurtekið brot varðar brottrekstri í viku. Við þriðja brot er nemandi vikið af nemendagörðum það sem eftir er af

skólaárinu. Brot ósjálfráða íbúa á reglum þessum skal tilkynna til foreldra/forráðamanna hans.

15. Sé brot svo alvarlegt að mati umsjónarmanns og skólameistara að það varði hag allra íbúa og jafnvel gerandans sjálfs, er heimilt að vísa viðkomandi strax af heimavist, þó að ekki sé um endurtekið brot að ræða og ekki hafi verið veitt skrifleg áminning.

Búsetuþjónustan við Skúlagötu / Brákarbraut tekur að sér reglubundið eftirlit á nemendagörðum. Í eftirlitinu felst stutt eftirlitsferð í íbúðirnar á tímabilinu 22:30 – 23:00 alla daga þann tíma sem skóli stendur yfir.

Auk þess tekur Búsetuþjónustan að sér að vera á verði þannig að sé um hávaða eða ólæti að ræða, á hvaða tíma sólahrings sem er, þá sé skólameistara eða þeim sem hann tilnefnir gert viðvart.